

Erindi til : Umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðarbæjar.

Okkur langar að kynna fyrir ykkur eitt af elstu félögum í Hafnarfirði sem var endurvakið eftir 17 ára dvala þann 7. febrúar sl. Félagið er **Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga** sem var stofnað í Hafnarfirði þann 13. maí 1928. Meðfylgjandi eru lög félagsins sem munu verða endurskoðuð á yfirstandandi fyrsta starfsári núverandi stjórnar. Markmið félagsins eru m.a. samkvæmt 3. grein

“3.gr. Ætlunarverk félagsins er, að vekja nærgætni og samúð með öllum dýrum, vinna að því, meðferð þeirra hjá einstökum mönnum og almenningi eigi stoð í skynsemd, drengskap og réttlæti. Skal þetta gert með hverjum þeim hætti, er félagið telur rétt og nauðsynlegt að

beita, svo samboðið sé sæmd þess. Er því félaginu skylt að kæra hvern þann mann til sektar að lögum, sem þau brýtur um nauðsyn fram á þann hátt, að vanhalda skepnur, misþyrma þeim eða í einhverju öðru hefur það í frammi við þær, sem varðar við lög, er skaðlegt, illmannlegt eða siðspillandi.

Félaginu er í annað stað skylt, að láta sig varða öll önnur menningarmál og mannúðar, eftir því sem það telur sér fjært og sér, að eigi brýtur bág við verkefni þess.”

Félagið á sér merka sögu og hafa margir nafnkunnir Hafnfirðingar verið viðloðandi félagið í gegnum árin og þykir okkur mikill heiður að fá að vera aðilar að því að endurvekja þetta félag okkar Hafnfirðinga sem snýr að því að hlúa að dýrum í bænum okkar.

Í stjórn félagsins árið 2015 til 2016 sitja:

Formaður: María Þorvarðardóttir

Gjaldkeri: Sif Sverrisdóttir

Ritari: Arndís Kjartansdóttir

Meðstjórnendur:

Guðmundur Fylkisson, Helga Þórunn Sigurðardóttir, Gerður Björk Ólafsdóttir og Dagný María Sigurðardóttir.

Verkefni nýrrar stjórnar fyrstu mánuði í starfi hafa snúið að fuglalífinu við Lækinn í Hafnarfirði en verkefnið **Project Henry** undir stjórn Guðmundar Fylkissonar er komið undir verndarvæng Dýraverndunarfélags Hafnfirðinga, einnig höfum við stofnað **Óskasjóð Púkarófu** sem snýr að því að hlúa að villikattasamfélaginu í Hafnarfirði.

Félagið hefur fest kaup á örmerkjalesara svo hægt sé að lesa af hundum/köttum sem finnast í bænum, einnig fengum við gefins fellibúr frá velunnara félagsins til að hægt sé að fanga villiketti sem þarfnast aðhlyningar eða týnda ketti í bænum. Félagið hyggur líka á kaup á næturmyndavél með hreyfiskynjara svo hægt sé að fylgjast betur með andavarpi og jafnvel kettlingagotum.

Framtíðarsýn okkar er að við getum haft stjórn á villikattasamfélögum í bænum með því að gelda ketti og koma kettlingum á heimili og langar okkur að virkja íbúa bæjarins betur til að taka þátt í að fódra dýrin og tilkynna okkur ef um veik eða særð dýr er að ræða. DVH finnst mikilvægt að virða líferni villikattarins, þeir eru bæjarfélaginu gagnlegir með því að halda burtu rottum og minnkum og hafa fylgt okkur eins lengi og elstu menn muna.

Geldingar og umsjón með villikattasamfélögum í bænum er stórt verkefni og mjög kostnaðarsamt,

DVH leggur út fyrir mat, lækni og lyfjakostnaði fyrir kisurnar og höfum við verið svo heppin að fá til samstarfs við okkur dýralækna hjá Dýralæknamiðstöð Grafarholts – Hafnarfjarðarútibú við Lækjargötu í Hafnarfirði. Dýralæknamiðstöðin gefur alla vinnu sína við lækniþjónustu til villikatta en DVH borgar fyrir öll lyf og umbúðir. Einnig bjóðum við þeim sem taka að sér villikött frá okkur góðan afslátt af örmerkingum, bólusetningu, ormahreinsun og geldingu í samstarfi við Dýralæknamiðstöðina.


DVH vill almenna vakningu meðal íbúa um að gelda og örmerkja dýrin sín auk þess að bólusetja og ormahreinsa reglulega.

DVH vill einnig koma að öðru dýrahaldi í bænum og huga að velferð dýra s.s. hunda, hesta, fugla og búfænaðar og leggja okkar af mörkum til að búa dýrunum betra samfélag í bænum. Mikilvægt er að útbúa athvarf þar sem hægt væri að hlúa að dýrum þar til þeim hefur verið fundið varanlegt úrræði. Við höfum augastað á húsnæði þar sem aðgangur er að dýralæknum og óskum við eftir því að bærinn styðji okkur fjárhagslega til að halda úti slíkri aðstöðu. Fuglalífið við Lækinn er okkur Hafnfirðingum dýrmætt, við viljum hlúa að því, vernda og viðhalda um ókomna tíð.

Með bréfi þessu óskum við eftir því að Hafnarfjarðarbær komi til samstarfs við okkur með fjárstyrk til þeirra verkefna sem verða á okkar höndum á komandi árum. Í fundargerðarbókum DVH frá því fyrir um 20 árum síðan má lesa að bærinn styrkti starf félagsins reglulega. Gott samstarf milli okkar og bæjarins er til mikilla hagsbóta fyrir alla bæjarbúa svo ekki sé talað um dýrin okkar.

Með kærri kveðju og von um gott samstarf.

Fh. Stjórnar Dýraverndunarfélags Hafnfirðinga



María Þorvarðardóttir formaður

dyraverndarar@gmail.com

<https://www.facebook.com/dyraverndunarfelag.hafnfirdinga>

<https://www.facebook.com/groups/ProjectHenry>

<https://www.facebook.com/OskasjodurPukarofu>

<http://www.pukarofa.tk/>